


19. verkefni **Vistaðu nýtt skjal sem 19vikudagarnir**

	Aðgerð	Skýring
1.	Opnaðu Word og vistaðu skjalið sem 19vikudagarnir . Settu síðuhaus og fót skv. fyrirmynd	
2.	Stilltu spássíurnar á Hófstilltar spássíur (Útlit síðu, ...)	
3.	Skrifaðu fyrirsögnina Vikudagarnir Ýttu á Enter til að fá nýja línu	
4.	Settu inn töflu með 2 dálkum og 11 línum	Setja inn, Tafla
5.	Stilltu breidd vinstri dálksins á ca. 3,5 cm	Með músinni
6.	Smelltu á kross töflunnar til að velja hana Fjarlægðu rammalínur af töflunni	(Heim,  , Rammar og skygging, Enginn rammi)
7.	Gerðu hnitalínur töflunnar sýnilegar (svo að það sé þægilegra að vinna með hana)	Smelltu á Verkfæri töflu, Útlit, Sýna hnitalínur
8.	Byrjaðu í 5. línu : Skrifaðu heiti daganna í töfluna (þá eru 4 auðar línur efst í töflunni)	
9.	Vistaðu þetta skjal. Opnaðu skjalið 19vikudagarnir-textar . Hafðu bæði skjöl opin.	
10.	Afritaðu textana um dagana einn í einu yfir í þitt skjal. Lokaðu svo 19vikudagarnir-textar	(Velda hvern texta, afritaðu, smelltu í hólfi í töflunni, límdu textann inn þar.)
11.	Eyddu tómunum textalínunum neðst í hverju hólfi	(Settu bendil í línuna og sláðu á Delete.)
12.	Veldu hólfin tvö í efstu línu og sameinaðu þau	(Velja þau og hægrismella!)
13.	Endurtaktu fyrir tómu línurnar efst í töflunni	
14.	Settu mynd í efsta hólfið. Leitarorð: date	
15.	Skrifaðu heiti vikudaganna í 10 pt lettri Settu tákn á milli þeirra	Í næstefsta hólfið. (Setja inn, Tákn, Fleiri tákn, Leturgerð: WingDings)
16.	Skrifaðu textann í fjórðu línuna	(„Vika er mælieining...“)
17.	Settu 3 pt millibil á undan og eftir á allan texta í töflunni	
18.	Settu textaáhrif og 28 pt. letur á fyrirsögnina	(„Vikudagarnir“)
19.	Settu hönnun á töfluna	(Verkfæri töflu, Hönnun, Ljós skygging)
20.	Gerðu hvert dagsheiti að bókamerki . Notaðu stutt heiti dags, t.d. sun, mán	(Velja dagsheitið vinstra megin í töflunni. Smella á Setja inn, Bókamerki)
21.	Tengdu hvert dagsheiti í línu 2 við samsvarandi bókamerki. Prófaðu tenglana.	(Velja heiti í línu 2. Setja inn, Tengill, Stað í þessu skjali, Bókamerki)
22.	Bættu við og mótaðu heimildina	

Vikudagarnir



Sunnudagur ✧ Mánudagur ✧ Þriðjudagur ✧ Miðvikudagur ✧ Fimmtudagur ✧ Föstudagur ✧ Laugardagur

Vika er mælieining fyrir tíma, sem er lengri en dagur og styttri en mánuður. Í flestum nútíma tímatölum, þar á meðal gregoríska tímatalinu, er ein vika sjö dagar.

Sunnudagur

Sunnudagur er 1. dagur vikunnar og er nefndur eftir sólinni, sem einnig heitir sunna. Dagurinn er á eftir laugardegi en á undan mánudegi. Dagurinn er hafður sem seinasti dagur vikunnar hjá sumu fólki vegna þess að almenna vinnuvikan byrjar á mánudegi. Allir mánuðir sem hefjast á sunnudegi innihalda föstudaginn þrettánda.

Mánudagur

Mánudagur er 2. dagur vikunnar og er nafn hans dregið af orðinu mána, eða tungli og var því í upphafi „mánadagur“. Dagurinn er á eftir sunnudegi en á undan þriðjudegi. Dagurinn er fyrsti dagur almennrar vinnuviku og er stundum hataður vegna þess, bæði í gríni og í alvöru.

Þriðjudagur

Þriðjudagur er 3. dagur vikunnar og er nafnið komið út frá því. Dagurinn er á eftir mánudegi en á undan miðvikudegi. Áður fyrr hét dagurinn Týsdagur í höfuðið á goðinu Tý en er ennþá nefndur eftir honum á nokkrum öðrum tungumálum (d. Tirsdag, e. Tuesday, þ. Dienstag).

Miðvikudagur

Miðvikudagur er 4. dagur vikunnar og er nafnið dregið af því að hann er dagurinn sem er í miðri vikunni. Dagurinn er á eftir þriðjudegi en á undan fimmtudegi. Til forna var dagurinn kenndur við Óðin, æðsta ásin í norrænni goðafræði, og hét þá Óðinsdagur. Enn sjást merki þess bæði í dönsku (og öðrum norrænum málum) og ensku, onsdag og Wednesday. Núverandi heiti á sér hinsvegar samsvörun í þýsku: Mittwoch.

Fimmtudagur

Fimmtudagur er 5. dagur vikunnar og er nafnið komið út frá því. Dagurinn er á eftir miðvikudegi en á undan föstudegi. Á Íslandi til forna var dagurinn helgaður Þór og hét þá Þórsdagur. Svo er enn í dönsku, norsku og ensku, Torsdag og Thursday. Sum tungumál kenna daginn frekar við þrumuna, sem Þór stjórnaði. Það á við um þýskuna: Donnerstag og hollenskuna: Donderdag.

Föstudagur

Föstudagur er 6. dagur vikunnar. Dagurinn er á eftir fimmtudegi en á undan laugardegi. Nafnið er dregið af því, að þennan dag skyldi fólk fasta á kjöt. Dagurinn er seinasti almenni vinnudagur vikunnar. Til forna var dagurinn kenndur við Frey og hét Freysdagur. Það nafn sést ennþá í dönsku, ensku og þýsku: Fredag, Friday og Freitag. Mannætan í sögu Daniels Defoe um Róbinson Krúsó hét Friday, sem var íslenskað sem Frjádagur.

Laugardagur

Laugardagur er 7. og síðasti dagur vikunnar. Nafnið dregið af því að eitt sinn tíðkaðist að fólk laugaði sig, það er færi í bað, á þessum degi. Dagurinn er á eftir föstudegi en á undan sunnudegi, sem er þá fyrsti dagur næstu viku. Dagurinn er hvíldardagur og helgur hjá 7. dags aðventistum, gyðingum og jafnvel fleirum.

Heimild: Vika. 11. júní 2010. *Wikipedia, Frjálsa alfræðiritið*. Sótt 27. júlí 2010 kl. 15:54 UTC frá <http://is.wikipedia.org/w/index.php?title=Vika&oldid=889649>